

ÁLAGNING GJALDA 2023

Á fundi bæjarstjórnar Akraness, sem haldinn var þann 13. desember 2022, voru samþykktar eftirfarandi forsendur til grundvallar álagningu útsvars-, fasteigna- og þjónustugjalda á árinu 2023:

- Útsvarsprósenta árið 2023 er 14,74¹%.
- Fasteignaskattur er eftirfarandi á árinu 2023:
 - 0,2306% af álagningarstofni íbúðarhúsa ásamt lóðarleiguréttindum erfðafestulanda og jarðeigna skv. a-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga (óbreytt á milli ára 2022 og 2023).
 - 1,32% af öllum fasteignum skv. b-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga (óbreytt á milli áranna 2022 og 2023).
 - 1,3718% af öllum öðrum fasteignum skv. c-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga (óbreytt á milli áranna 2022 og 2023).
- Sorphreinsunargjald vegna íbúðarhúsnæðis er kr. 19.256 (óbreytt á milli áranna 2022 og 2023) fyrir hverja íbúð miðað við tvær sorptunnur (ein fyrir almennt sorp og fyrir flokkað sorp) og sorpeyðingargjald er kr. 16.422 (óbreytt á milli áranna 2022 og 2023) miðað við tvær tunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp). Gjöldin eru innheimt með fasteignagjöldum.
- Lóðarleiga af nýjum lóðum og endurnýjuðum samningum² er 1,199% af fasteignamatsverði atvinnulóða (óbreytt á milli áranna 2022 og 2023) og 0,3034% af fasteignamatsverði íbúðarhúsalóða (óbreytt á milli áranna 2022 og 2023) og verði innheimt með fasteignagjöldum.
- Lóðarleiga af eldri lóðum (samningar dagsettir fyrir 1. janúar 2004) sem lögð er á hvern fermetra (m²) lóðar, tekur viðmið af breytingum sem verða á byggingarvísitölu.
- Gjald dagar fasteignagjalda á árinu 2023 eru 15. janúar, 15. febrúar, 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst, 15. september, 15. október en eindagi gjaldanna er 30 dögum síðar eða næsta virkan dag beri hann upp á helgidag.

¹ Samkvæmt ákvörðunar bæjarstjórnar Akraness þann 29. desember 2022, vegna samkomulags Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisins dags. 16. desember 2022.

² Bæjarstjórn Akraness samþykkti 16. desember 2003 að frá og með 1. janúar 2004 byggist innheimta nýrra og endurnýjaðra lóðarleigusamninga á fasteignamati lóðar en eldri samningar taki breytingum samkvæmt byggingarvísitölu ár hvert.



Heildargjöld sem nema lægri fjárhæð en kr. 25.000 innheimtast með einum gjalddaga á ári, þann 15. apríl 2023.

Veitt er ívilnun á fasteignaskatti á árinu 2023, til elli- og örorkulífeyrisþega í samræmi við sérstakar reglur bæjarstjórnar um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega.

Lóðarleiga fyrir árið 2023 við álagningu fasteignagjalda vegna lóðarleigusamninga þar sem leigugjald er miðað við fermetra (m²) er eftirfarandi³:

- Íbúðarhúsnæði **14,65** kr. (vinnutala, vantar endanlega tölu fyrir árið 2023) á hvern m² lóðar.
- Atvinnuhúsnæði **52,66** kr. (vinnutala, vantar endanlega tölu fyrir árið 2023) á hvern m² lóðar.
- Hafnarsvæði **209,38** kr. (vinnutala, vantar endanlega tölu fyrir árið 2023 á hvern m² lóðar.

Vatns- og fráveitugjöld eru ákveðin og innheimt af Orkuveitu Reykjavíkur en ekki Akraneskaupstað. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag þeirrar innheimtu er að finna á vef Orkuveitunnar, www.or.is.


Álagning fasteignagjalda er birt rafrænt á www.island.is, en jafnframt er hægt að óska eftir útprentuðum álagningarseðli í Þjónustuveri Akraneskaupstaðar.

Álagning fasteignaskatts er kæránleg til yfirfasteignamatnefndar og skal kæra borin fram innan þriggja mánaða frá álagningu.

Álagning á sorphirðu- og sorpeyðingargjaldi er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur einn mánuður frá álagningu.

Gjaldskrár Akraneskaupstaðar hækka almennt um 7,0% þann 1. janúar 2023 nema annað sé sérstaklega samþykkt í viðkomandi gjaldskrá. Það gildir um gjaldskrá leikskóla og gjaldskrá fyrir heimaþjónustu og heimsendingu matar en þessar tvær gjaldskrár taka ekki hækkunum þann 1. janúar 2023 samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Akraness.

³ Sjá athugasemd númer 1.



Málsnr. 2207107 – lagt fram á fundi bæjarráðs þann 1. desember 2022
– lagt fram á fundi bærstjórnar þann 13. desember 2022

Akranesi, 13. desember 2022.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,



The stamp is an oval shape with a blue border. Inside the oval, the text "BÆJARSTJÓRINN" is written in a semi-circle at the top, and "AKRANES" is written in a semi-circle at the bottom. In the center of the oval is a small shield-shaped logo with a crown on top and wavy lines below. Overlaid on the stamp is a handwritten signature in blue ink that reads "Sævar Freyr Þráinsson".

Sævar Freyr Þráinsson
bærstjóri

